

Umsögn frá Embætti landlæknis, barst Skipulagsstofnun með tölvupósti 12. janúar 2021.

Embætti landlæknis fagnar því ráðist hafi verið í gerð viðauka við landsskipulagsstefnu 2015-26 þar sem mótuð hefur verið nánari stefna meðal annars hvað varðar lýðheilsu og skipulag á landsvísu. Embættið styður heilshugar við að nýju köflunum þremur sé bætt við fyrirbyggjandi stefnu. Ef litið er til [áhrifaþátt heilbrigðis](#) og eins og bent er á í tillögunni tvinnast allir kaflar landsskipulagsstefunnar saman með einum eða öðrum hætti. Sú áhersla sem lögð er á horfa á málin heilstætt, samþætta mismunandi markmið og leitast við að ná margþættum ávinningi með sömu aðgerðum við skipulagsgerð sveitarfélaga fellur vel að þeim áherslum sem embætti leggur upp með m.a. í starfi Heilsueflandi samfélags og öðru heilsueflandi starfi á sínum vegum.

Eftir að hafa rennt yfir skjalið eru hér dæmi um atriði sem komu upp:

- Jákvætt skref m.t.t. lýðheilsu að umhvefismat skipulagsáætlana sem og annarra áætlana sveitarfélaga skuli fela í sér mat á lofslagsáhrifum. Það sama á við um gerð leiðbeininga um lofslagsmiðað skipulag og hvatningu til loftslagsvæns lífsstíls. Bent er á að embætti landlæknis kys alla jafna að nota orðið lifnaðarhættir í sínu starfi í staðinn fyrir lífsstíll.
- Myndin sem sýnir dæmi um lofslagsvænar aðgerðir í skipulagi bls. 14 er áhugaverð en lítil, erfitt að sjá textann.
- Áherslan á m.a. virkan ferðamáta í 5.1 fellur vel að markmiðum stjórnvalda á sviði hreyfingar og lýðheilsu almennt.
- Skýringarmyndin fyrir 20 mínútna hverfið bls. 22 er lítil, erfitt að sjá textann.
- Myndin um forgang ferðamáta á bls. 21 er flott. Æskilegt væri að setja hjálm á þá sem eru á hjóli og hlaupahjóli. Gott ef mögulegt að hún endurspegli enn meiri fjölbreytileika s.s. fólk með fötlun og eldra fólk. Hvar koma t.d. rafskutlur og vespur inn í þessa mynd hvað forgang varðar?
- Í umræðu um loftslagsvænar samgöngur væri æskilegt að minnast á öryggi.
- Könnun á hvötum og hindrunum fyrir notkun virkra ferðamáta og almenningssamgangna væri verðmætt innlegg í starf stjórnvalda m.t.t. lýðheilsu.
- Í umfjöllun um skóga og skógrækt (bls. 29) mætti bæta við tilvísun í kafla 7 þar sem m.a. er fjallað um aðgengi að náttúrusvæðum og möguleika til útivistar.
- 6. kafli samræmist vel áherslum stjórnvalda m.t.t. lýðheilsu, ekki síst að skapa góða umgjörð um mannlíf á hverjum stað. Í þessu samhengi væri t.d. gott að nefna andlega heilsu og vellíðan í tengslum við umfjöllun um skynjun á landslagi og tengja við kafla 7. Í 6.2.3. mætti orðalagið t.d. vera eftirfarandi: ? um gróður og náttúru í hinu byggða umhverfi með það að markmiði að fegra og bæta umhverfi, skapa aðlaðandi og áhugaverða umgjörð um hreyfingu og útiveru **sem stuðlar að heilsu og vellíðan og leggur af mörkum** til loftslagsmála?"
- 7. kafli. Heilsuvæn byggð og landnotkun er verðmæt viðbót við landsskipulagsstefnu og fellur almennt vel að áherslum og starfi stjórnvalda m.t.t. lýðheilsu. Varðandi meginmarkmiðið væri æskilegt að bæta við lifnaðarháttum þ.e. „Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að **heilsusamlegum lifnaðarháttum**, heilsu og vellíðan". Þannig má lyfta enn frekar upp mikilvægi skipulags m.t.t. lifnaðarháttanna.
- 7.0.1. Skipulag í þágu lýðheilsu - bæta fjölbreytileika við hér (sbr. 7.3 ofl.)? „? Við útfærslu byggðar og bæjarrýma verði gætt að jafnræði, **fjölbreytileika**, öryggi og aðgengi ólíkra félags- og getuhópa." Kannski á annað orð betur við en hér er sem sagt átt við að forðast sé að t.d. hverfi verði of einsleit - þau gefi möguleika á fjölbreytni í samsetningu íbúa m.t.t. aldurs, efnahags?
- 7.0.2 Mat á lýðheilsuáhrifum skipulags. Samanber m.a. fyrri samskipti um lýðheilsumat, er ekki full ástæða til að skilgreina heilsu og nálgast mat á henni með heildstæðari/ítarlegri hætti en nú er gert í umhverfismati? Ef það er staðan, mætti bæta texta í þessa veru við hér?: „ Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á lýðheilsuáhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar og landnotkunar sem til greina koma. **Skipulagsstofnun**

mun, í samráði við viðeigandi aðila, vinna að endurskoðun umhverfismats með það að leiðarljósi að meta lýðheilsuáhrif skipulags með heildstæðari hætti en nú er gert."

- Í greinargerðinni væri æskilegt að nefna hreyfingu og andlega líðan á undan offitunni. Myndi samræmast betur áherslum embættisins hvað þetta varðar og einnig t.d. falla betur að þeim áhersluatriðum sem dregin eru fram í greinargerðinni. Vissulega er mikilvægt að bregðast við þróun í offitu, ekki síst á meðal fullorðinna en gildi skipulags og hönnunar fyrir fjölbreytta hreyfingu, útivera í aðlaðandi og nærandi umhverfi, aðgengi að hollum mat holla sem helst er upprunninn sem næst heimabyggð (minna kolefnisspor, jafn vel ræktuð af manni sjálfum) o.s.frv. hefur mun fjölþættari þýðingu fyrir lýðheilsu en hvað varðar holdafarið. Áhrifaþætti offitu er flóknir og hafa t.d. sterk tengsl við félags- og efnahagslega stöðu. Svefn er dæmi um aðkallandi lýðheilsuáskorun sem gæti verið vert að nefna (og hefur m.a. tengsl við offitu). Hávaði hefur t.d. augljóslega neikvæð áhrif á svefn og hvíld, ef þarf að sækja vinnu og þjónustu langar leiðir er hætt við að svefninn verði styttri o.s.frv.
 - Mynd bls. 47, textinn mætti sjást betur.
- Því miður gafst skemmri tími en áætlað var til að rýna skjalið og eru ábendingarnar ekki tæmandi.

Ekki hika við undirritaða ef frekari upplýsingar óskast.

Með bestu kveðju/best regards

Gígja Gunnarsdóttir

Verkefnastjóri, Heilsueflandi samfélag og hreyfing/Program manager Health promoting community & Project manager Physical activity

Lýðheilsuvið/Division Public Health

Embætti landlæknis/Directorate of Health

Katrínartún 2, 6. hæð

105 Reykjavík

Sími/Tel. (+354) 510 1900

www.landlaeknir.is